



Vatnajökulsþjóðgarður

Persónuverndarstefna



15. febrúar 2019

Útgáfa 1.0

Áherslur í persónuverndarstefnu Vatnajökulsþjóðgarðs

Vatnajökulsþjóðgarður leggur ríka áherslu á persónuvernd og sýnir fyllstu varúð við meðferð allra persónuupplýsinga. Öll meðferð persónuupplýsinga hjá Vatnajökulsþjóðgarði skal vera í samræmi við gildandi lög, reglur og grundvallarsjónarmið um persónuvernd.

Starfsmönnum Vatnajökulsþjóðgarðs ber að vinna samkvæmt þessari persónuverndarstefnu og persónuverndarfulltrúi hefur eftirlit með því að henni sé fylgt. Markmið persónuverndarstefnunnar er að leggja áherslu á persónuvernd með því að tryggja lögmæta, sanngjarna og gegnsæja meðferð allra persónuupplýsinga og veita upplýsingar um þá vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað hjá Vatnajökulsþjóðgarði. Á sama tíma er það markmið persónuverndarstefnunnar að auka gegnsæi og góða upplýsingagjöf til almennings um öll störf stofnunarinnar. Persónuverndarstefnunni er ætlað að upplýsa um hvernær og hvers vegna stofnunin vinnur með persónuupplýsingar, hvaða persónuupplýsingar stofnunin vinnur með og á hvaða lagagrundvelli. Einnig má nálgast upplýsingar um hvaðan Vatnajökulsþjóðgarður fær persónuupplýsingar, hversu lengi þær eru varðveittar, hver hefur aðgang að þeim og hvernig öryggi þeirra er tryggt. Þá er stefnunni ætlað að kynna réttindi einstaklinga á grundvelli persónuverndarlöggjafarinnar og meðferð persónuupplýsinga í tilteknum atriðum. Finnir þú ekki svör við spurningum þínum er velkomnið að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Vatnajökulsþjóðgarðs Önnu Guðrúnu Ahlbrecht, personuvernd@vjp.is.

Vatnajökulsþjóðgarður er ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga

Vatnajökulsþjóðgarður er stjórnvald sem starfar samkvæmt lögum nr.60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð og ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram af hálfu stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að þjóðgarðurinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Vatnajökulsþjóðgarður vinnur með ýmsum þjónustuaðilum og gerðir eru vinnslusamningar við viðkomandi vinnsluaðila. Vatnajökulsþjóðgarður gerir ríkar kröfur til vinnsluaðila sinna um að þeir uppfylli skilyrði persónuverndarlaga. Aðalskrifstofa Vatnajökulsþjóðgarðs er til húsa að Urriðaholti 6-8, 210 Garðabæ en aðrar starfstöðvar eru á Skriðuklaustri/Fellabæ, Mývatnssveit, Ásbyrgi, Skaftafelli, Höfn í Hornafirði og á Kirkjubæjarklaustri. Símanúmer stofnunarinnar er 575 8400 og opinbert netfang er info@vjp.is. Nánari upplýsingar um hlutverk og stefnu Vatnajökulsþjóðgarðs er að finna í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og í atvinnustefnu þjóðgarðsins sem er í vinnslu.

Persónuverndarfulltrúi Vatnajökulsþjóðgarðs

Vatnajökulsþjóðgarður gerði samning við Landmælingar Íslands í lok árs 2018, um að Anna Guðrún Ahlbrecht, gæðastjóri og persónuverndarfulltrúi Landmælinga Íslands, sinni hlutverki persónuverndarfulltrúa hjá Vatnajökulsþjóðgarði. Símanúmer persónuverndarfulltrúa er 430 9000 og einnig er hægt senda tölvupóst á personuvernd@vjp.is. Hægt að senda skriflegt erindi til Vatnajökulsþjóðgarðs en þá skal umslagði merkt persónuverndarfulltrúanum.

Hvenær og hvernig vinnur Vatnajökulsþjóðgarður með persónuupplýsingar?

Í flestum tilfellum vinnur Vatnajökulsþjóðgarður með persónuupplýsingar þegar stofnunin er að sinna lögbundnum verkefnum og hlutverkum. Til að mynda heldur stofnunin utan um ýmsar persónuupplýsingar í tengslum við ráðningar, launavinnslu, framgang í starfi og fleira. Vatnajökulsþjóðgarður vinnur einnig með persónuupplýsingar vegna almennra samskipta, svo sem vegna fyrirspurna, ábendinga og kvartana sem berast vegna hlutverka stofnunarinnar. Vatnajökulsþjóðgarður leggur ríka áherslu á að öll vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga.

Hvaðan fær Vatnajökulsþjóðgarður persónuupplýsingar?

- Þegar þú sendir stofnuninni fyrirspurn, ábendingu eða kvörtun.
 - Þú sækir um tiltekin leyfi eða réttindi sem Vatnajökulsþjóðgarður veitir, t.d. leyfi til aksturs utan vega eða aðgerða á friðlýstum svæðum o.fl.
 - Þú sækir um leyfi til að reka atvinnustarfsemi inna þjóðgarðsins
 - Þú hefur óskað eftir aðgangi að gögnum samkvæmt stjórnsýslulögum, upplýsingalögum eða persónuverndarlögum
 - Þú hefur skráð þig á námskeið, málþing eða póstlista á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs.
 - Þú sækir um starf hjá Vatnajökulsþjóðgarði.
 - Vatnajökulsþjóðgarður hefur samið við þig um að sinna ákveðnum verkefnum fyrir stofnunina.
- Vatnajökulsþjóðgarður fær einnig persónuupplýsingar frá öðrum en hinum skráða, meðal annars þegar:
- Vatnajökulsþjóðgarður hefur átt í samskiptum við fyrirtæki eða stjórnvald sem þú starfar fyrir og viðkomandi aðili hefur gefið upp persónuupplýsingar í svari sínu.
 - Vatnajökulsþjóðgarður fær kvörtun eða ábendingu sem inniheldur persónuupplýsingar.
 - Vatnajökulsþjóðgarður fær persónuupplýsingar vegna eftirlitsverkefna.
 - Vatnajökulsþjóðgarður fær persónuupplýsingar frá öðrum stjórnvöldum.
 - Hinn skráði kemur fram fyrir hönd fyrirtækis eða stjórnvalds, t.d. vegna svörun erinda, beiðni um umsögn o.s.frv.
 - Umsækjandi um starf vísar til þín sem meðmælenda.
 - Úr innheimtukerfi

Hvaða persónuupplýsingar er unnið með hjá Vatnajökulsþjóðgarði?

Það fer eftir málum og verkefnum Vatnajökulsþjóðgarðs hvaða upplýsingar er unnið með. Í flestum tilfellum skráir stofnunin samskiptaupplýsingar um einstaklinga, sem fengnar eru frá þeim sjálfum og Þjóðskrá Íslands, til að mynda nafn, heimilisfang, kennitölu, símanúmer, netfang o.fl.

Vatnajökulsþjóðgarður vistar einnig samskipti í skjalavistunarkerfi við einstaklinga, efni erindis og öll gögnum og skjöl sem fylgja erindum. Það veltur á hverju máli fyrir sig eða málaflokki hvaða persónuupplýsingum er safnað aukalega en nánari upplýsingar um hvaða persónuupplýsingar er unnið með í tilteknum málum og verkefnum má nálgast í viðeigandi köflum hér að neðan.

Hvers vegna vinnur Vatnajökulsþjóðgarður með persónuupplýsingar?

Vatnajökulsþjóðgarður vinnur oftast með persónuupplýsingar eftir að einstaklingar hafa samband að fyrra bragði, svo sem til að afgreiða fyrirspurnir, ábendingar, kvartanir og erindi, afgreiða umsóknir um leyfi eða réttindi og til að taka við umsóknum um störf hjá stofnuninni. Vatnajökulsþjóðgarður vinnur einnig með persónuupplýsingar vegna þess að í ýmsum tilfellum er það nauðsynlegt til að geta sinnt lögbundnum verkefnum stofnunarinnar svo sem vegna innheimtu þjónustugjalda í þjóðgarðinum.

Hver er lagalegur grundvöllur vinnslu persónuupplýsinga hjá Vatnajökulsþjóðgarði?

Í flestum tilfellum er sú vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer hjá Vatnajökulsþjóðgarði nauðsynleg til þess að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á stofnuninni. Almenn er ekki hægt að óska eftir því að vera undanþeginn slíkri vinnslu. [Hér má nálgast lista yfir helstu lög og reglugerðir](#) sem Vatnajökulsþjóðgarður starfar eftir. Vatnajökulsþjóðgarður vinnur einnig með persónuupplýsingar þegar það er nauðsynlegt vegna framkvæmdar samnings sem skráður einstaklingur á aðild að eða til þess að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður.

Hversu lengi varðveitir Vatnajökulsþjóðgarður persónuupplýsingar?

Vatnajökulsþjóðgarður er skilaskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og er þar af leiðandi óheimilt að eyða skjölum og gögnum sem stofnuninni berast eða verða til hjá henni, nema að fengnu leyfi Þjóðskjalasafns Íslands. Í skilaskyldu felst jafnframt að öllum skjölum og gögnum sem berast Vatnajökulsþjóðgarði eða verða til hjá stofnuninni, skal skilað til Þjóðskjalasafns þar sem þau eru geymd til framtíðar. Nánari upplýsingar um Þjóðskjalasafn Íslands má finna á vef safnsins: <https://skjalasafn.is>

Hver hefur aðgang að persónuupplýsingum hjá Vatnajökulsþjóðgarði?

Starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs vinna einungis með persónuupplýsingar þegar nauðsyn krefur vegna þeirra verkefna sem þeir hafa umboð til að sinna. Þess er gætt að vinnsla persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um persónuvernd. Öllum starfsmönnum Vatnajökulsþjóðgarðs er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynd skal fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Sú þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Þetta á einnig við þá sem eru verktakar og aðrir sem vinna í umboði þjóðgarðsins.

Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Vatnajökulsþjóðgarður vinnur með persónuupplýsingar. Þar af leiðandi eru gerðar ríkar kröfur um öryggi persónuupplýsinga hjá stofnuninni og aðgangur að þeim takmarkaður og aðgangsstýrður. Þannig eru sérstaklega ríkar kröfur gerðar um öryggi húsnæðis og tölvukerfa stofnunarinnar hvað þetta varðar. Þá vinnur Vatnajökulsþjóðgarður eftir upplýsingaöryggisstefnu en hluti af stefnunni er ábyrg og örugg varsla gagna. Sömu kröfur eru gerðar til þeirra þjónustuaðila sem starfa í þágu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Þín réttindi samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni

Samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni hefur hinn skráði ákveðin réttindi og getur nýtt sér þau með því að senda beiðni á netfangið personuvernd@hja.vjp.is eða með því að hafa samband í síma 430 9000. Hinn skráði þarf ekki að greiða til að neyta réttinda sinna. Vatnajökulsþjóðgarður áskilur sér rétt einn mánuð til að svara erindi en hægt er að framlengja frestinn um tvo mánuði sé beiðnin sérstaklega umfangsmikil.

a. Aðgangsréttur

Þú átt rétt á að fá aðgang að og afrit af öllum persónuupplýsingum sem Vatnajökulsþjóðgarður vinnur um þig. Í sumum tilvikum geta undantekningar frá réttinum átt við, s.s. vegna réttinda annars sem vega skulu þyngra, en almenna reglan er sú að veita skuli aðganginn.

[Ítarlegri upplýsingar um aðgangsrétt má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Þú getur einnig átt rétt á aðgangi að gögnum um þig sjálfa/n samkvæmt 15. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, þar sem fjallað er um rétt aðila máls til aðgangs að málsgögnum, og samkvæmt 14. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Hér getur verið skörun á milli lagabálka sem meta þarf hverju sinni

b. Réttur til leiðréttingar

Þú átt rétt á því að fá leiðréttar persónuupplýsingar um þig, sem þú telur rangar. Þó skal tekið fram að með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er Vatnajökulsþjóðgarði oft óheimilt að breyta gögnum sem stofnunin býr yfir, en þá kann að vera mögulegt að koma leiðréttingu á framfæri með athugasemd, sem látin er fylgja gögnunum, þegar við á. Þú getur einnig beið Vatnajökulsþjóðgarð um að bæta upplýsingum við þær persónuupplýsingar sem

stofnunin hefur um þig og þú telur ófullnægjandi.

[Ítarlegri upplýsingar um réttinn til leiðréttingar má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.](#)

c. **Réttur til eyðingar / rétturinn til að gleymast**

Rétturinn til eyðingar eða rétturinn til að gleymast á ekki við um vinnslu persónuupplýsinga hjá Vatnajökulsþjóðgarði þar sem stofnunin er bundin að lögum um opinber skjalasöfn til að varðveita allar upplýsingar sem henni berast. Í persónuverndarlögum er sérstaklega tekið fram að réttur til eyðingar persónuupplýsinga og til að gleymast eigi *ekki* við þegar lög mæla fyrir um að upplýsingarnar skuli varðveittar. Þannig gildir rétturinn til eyðingar / rétturinn til að gleymast ekki um persónuupplýsingar sem Vatnajökulsþjóðgarður vinnur.

Ítarlegri upplýsingar um [réttinn eyðingar persónuupplýsinga](#) og [réttinn til að gleymast](#) má nálgast á vefsíðu Persónuverndar.

d. **Réttur til takmörkunar á vinnslu**

Þú átt rétt á að biðja um að vinnsla sé takmörkuð í ákveðnum aðstæðum.

e. **Réttur til að andmæla vinnslu**

Þú átt rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga um þig þegar Vatnajökulsþjóðgarður vinnur persónuupplýsingar um þig á grundvelli almannahagsmuna, þ.e. lagaheimildar, eða við beitingu opinbers valds. [Nálgast má ítarlegri upplýsingar um andmælarétt á vefsíðu Persónuverndar](#)

f. **Réttur til að flytja eigin gögn**

Rétturinn til að flytja eigin gögn á eingöngu við þegar upplýsingar eru unnar á grundvelli samþykkis eða við gerð samnings. Vatnajökulsþjóðgarður starfar á grundvelli laga og byggir því mjög lítinn hluta sinnar vinnslu á persónuupplýsingum eða samþykki eða samningi. Þar af leiðandi er ólíklegt að þessi réttur eigi við um þá vinnslu sem Vatnajökulsþjóðgarður framkvæmir, þar sem hún fer nánast eingöngu fram á grundvelli lagaskyldu eða almannahagsmuna.

[Nálgast má ítarlegri upplýsingar um réttinn til flutnings eigin gagna á vefsíðu Persónuverndar.](#)

Notkun á vafrakökum og stoðþjónustu frá greiningaraðilum á vefsíðu Vatnajökulsþjóðgarðs

Vafrakökur

Vatnajökulsþjóðgarður notar vafrakökur (e. cookies) sem eru litlar textaskrár geymdar á tölvu notandans. Með því að samþykkja notkun á vafrakökum heimilar notandinn Vatnajökulsþjóðgarði að safna saman upplýsingum um notkun hans á vefjum stofnunarinnar. Einungis Vatnajökulsþjóðgarður og notandinn sjálfur hafa aðgang að skránum. Vafrakökur eru notaðar til að geyma upplýsingar um t.d. hvort notandi hefur áður heimsótt síðuna, hversu lengi hann var á síðunni og frá hvaða vefsvæði notandinn kom. Vafrakökur geta innihaldið persónulegar upplýsingar. Vatnajökulsþjóðgarður notar vafrakökur til að greina almenna notkun á vefnum. Tilgangurinn er að þróa vefinn og aðrar vefsíður í umsjón stofnunarinnar þannig að bæta megi þjónustu við notendur. Vafrakökur eru einnig notaðar til að þekkja aftur notanda sem notar "[Mínar stillingar](#)" til að nota vefinn. Sú þjónusta kemur til móts við þarfir fólks sem á erfitt með að lesa, til dæmis vegna lesblindu eða sjónskerðingar. Þeir þurfa því ekki að velja þjónustuna í hvert sinn sem vefurinn er heimsóttur. Notendur vefsins geta stillt vafra sína þannig að þeir láti vita af kökum eða hafni þeim með öllu. Leiðbeiningar fyrir mismunandi vafra má finna hér:

[Internet Explorer](#)

[Google Chrome](#)

[Opera](#)

[Mozilla Firefox](#)

[Edge](#)

[Safari](#)

Stoðþjónusta

Vatnajökulsþjóðgarður notar Google Analytics til vefmælinga. Þegar notandi kemur inn á vefinn eru nokkur atriði skráð, s.s. tími og dagsetning, leitarorð, frá hvaða vef er komið, og gerð vafra og stýrikerfis. Þessar upplýsingar má nota við endurbætur á vefnum og þróun hans. Meðhöndlun upplýsinga í vefkökum Google er háð reglum Google um persónuvernd.

Leitarvél

Vatnajökulsþjóðgarður geymir ekki upplýsingar um hvaða leitarorð þú slærð inn í leitarvél vefsíðunnar.

SSL skilríki

Vefur Vatnajökulsþjóðgarðs notast við SSL skilríki sem þýðir að öll samskipti eru dulkóðuð og síður gerir gagnaflutning í gegnum hann öruggari auk þess sem vefsíðan er auðkennd. SSL skilríki varna því að óprúttir aðilar komist yfir gögn sem send eru í gegnum vefinn, t.d. lykilorð og aðrar upplýsingar. Með skilríkjunum eru upplýsingar sem sendar eru á milli notenda vefmiðlara dulkóðaðar og gögn sem flutt eru á milli skila sér á réttan stað á öruggan máta.

Tenglar í aðra vefi

Á vef Vatnajökulsþjóðgarðs er stundum vísað í vefi annarra stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja. Reglur stofnunarinnar um öryggi notenda gilda ekki á vefjum utan hans. Vatnajökulsþjóðgarður ber ekki ábyrgð á efnisinnihaldi eða áreiðanleika slíkra vefja.

Endurskoðun

Vatnajökulsþjóðgarður getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu sinni í samræmi við laga- eða reglugerðarbreytingar eða vegna breytinga á því hvernig stofnunin vinnur með persónuupplýsingar. Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt á vefsetri stofnunarinnar.

Aðgerðaáætlun fyrir persónuverndarstefnu

Persónuverndastefna og persónuverndarfulltrúi Vatnajökulspjóðgarðs

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Persónuverndarfulltrúi fundar tvisvar sinnum á ári með stjórnendum Vatnajökulspjóðgarðs. Á þennan hátt sinnir persónuverndarfulltrúi hlutverki sínu um upplýsingamiðlun og fræðslu.	Persónuverndarfulltrúi	Fundað er í mars og nóvember
Árlega miðlar persónuverndarfulltrúi upplýsingum til starfsmanna á starfsmannafundi.	Persónuverndarfulltrúi	Maí

Hvenær og hvernig vinnur Vatnajökulspjóðgarður með persónuupplýsingar

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Vinnsluskrá var útbúin í þeim tilgangi að kortleggja hvar unnið er með persónugreinanleg gögn. Hún er yfirfarin árlega og borin saman við helstu vinnsluferli. Í framhaldi er hún kynnt fyrir stjórnendum Vatnajökulspjóðgarðs.	Mannauðsstjóri Sérfræðingur á skrifstofu Fræðslufulltrúi Þjóðgarðsverðir	Nóvember

Hjá Vatnajökulspjóðgarði verða til persónuupplýsingar í tengslum við ákveðin vinnsluferli

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Verklagsregla um beiðni um aðgang að gögnum hinna skráðu verður útbúin og hún innleidd.	Sérfræðingur á skrifstofu Persónuverndarfulltrúi Mannauðsstjóri	Febrúar

Hver hefur aðgang að persónuupplýsingum hjá Vatnajökulspjóðgarði?

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Öllum starfsmönnum Vatnajökulspjóðgarðs er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynd skal hvíla á samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Allir starfsmenn Vatnajökulspjóðgarðs undirrita trúnaðaryfirlýsingu og ráðningarsamning þar sem þetta kemur einnig fram. Minnt er á þetta árlega á starfsmannafundi.	Persónuverndarfulltrúi Mannauðsstjóri Sérfræðingur á skrifstofu Þjóðgarðsverðir	Maí

Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Vatnajökulspjóðgarður vinnur samkvæmt upplýsingaöryggisstefnu sem er rýnd með reglubundnum hætti.	Fræðslufulltrúi Sérfræðingur á skrifstofu Fjármálastjóri	Nóvember
Vinnslusamningar eru gerðir við þjónustuaðila sem starfa í þágu Vatnajökulspjóðgarðs. Árlega er farið yfir stöðu samninga við vinnsluaðila. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á undirritun samninga.	Fjármálastjóri Sérfræðingur á skrifstofu Þjóðgarðsverðir	Febrúar
Verklagsreglu um áhættumat verður komið á fót og hún innleidd, í þeim tilgangi að tryggja öryggi vinnslu, innleiða hæfilegar öryggisráðstafanir og að innleiða úrbætur. Verklagsreglan er yfirfarin með reglubundnum hætti.	Mannauðsstjóri Sérfræðingur á skrifstofu Fræðslufulltrúi	Mars
Reglulega er gert áhættumat (MÁP) á vinnsluferlum sem eru skráð í vinnsluskrá, þar sem ástæða er til.	Persónuverndarfulltrúi Sérfræðingur á skrifstofu Mannauðsstjóri	Mars
Verklagsregla um hvernig skuli bregðast við ef öryggisbrestur/frávik vegna persónugreinanlegra upplýsinga, verður útbúin og hún innleidd.	Persónuverndarfulltrúi Sérfræðingur á skrifstofu Fræðslufulltrúi Fjármálastjóri	Mars

Réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Verklagsregla um beiðni um aðgang að göngum hinna skráðu verður útbúin og hún innleidd.	Sérfræðingur á skrifstofu Persónuverndarfulltrúi Mannauðsstjóri	Febrúar
Haldið er utan um beiðni um aðgang persónutengjanlegum gögnum í skjalavistunarkerfi stofnunarinnar. Í lok hvers árs er gerð samantekt yfir fjölda erinda sem hafa borist og hvort þeim hefur verið svarað, einnig innan lögbundins svartíma.	Persónuverndarfulltrúi Sérfræðingur á skrifstofu	Febrúar

Endurskoðun

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Persónuverndarstefnan er endurskoðuð á þriggja ára fresti.	Persónuverndarfulltrúi	September 2022

*Persónuverndarstefna þessi var samþykkt 15. febrúar 2019
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri*